



**BS ritgerð
í viðskiptafræði**

Fjármál knattspyrnufélaga í Evrópu

Tómas Agnarsson

Leiðbeinandi Vilhjálmur Bjarnason, lektor

Viðskiptafræðideild

Október 2011



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Fjármál knattspyrnufélaga í Evrópu

Tómas Agnarsson

Lokaverkefni til BS-gráðu í viðskiptafræði

Leiðbeinandi: Vilhjálmur Bjarnason, lektor

Viðskiptafræðideild

Félagsvísindasviði Háskóla Íslands

Október 2011

Titill ritgerðar.

Ritgerð þessi er 6 eininga lokaverkefni til BS prófs við
Viðskiptafræðideild, Félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

© 2011 Tómas Agnarsson

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, 2011

Formáli

Þessi ritgerð, „Fjármál knattspyrnufélaga í Evrópu“, er 6-eininga lokaritgerð í BS námi við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Leiðbeinandi var Vilhjálmur Bjarnason, lektor. Nemandi vill þakka honum fyrir leiðsögnina. Aðrir sem eiga þakkir skilið eru: Rósa Steinsdóttir og Agnar Hákon Kristinsson, foreldrar mínir, fyrir prófarkalestur; Sigríður Anna Sigurðardóttir og Gunnar Birnir Jónsson, fyrir aðstoð við vinnu ritgerðar.

Útdráttur

Umfjöllunarefni þessarar ritgerðar eru fjármál í knattspyrnuheiminum, aðallega á Englandi og Spáni. Farið er í þróun fjármála frá upphafi atvinnumennsku á Englandi og skoðað hve gífurlega fjármálamarkaður knattspyrnunnar á Englandi hefur stækkað.

Skoðað verður hvernig knattspyrnufélög fjármagna starfsemi sína og hvort að fylgni sé á milli mikilla leikmannakaupa og árangurs. Skoðað verður af hverju gríðarlegt bil hefur skapast á milli risanna tveggja í spænskri knattspyrnu, Barcelona og Real Madrid, og hinna félaga Spænsku úrvalsdeildarinnar. Einnig verður litið á Financial fair play reglurnar sem UEFA setti nýlega en þær skylda félög til að skila ekki tapi á rekstri ella verði þeim bönnuð þátttaka í Evrópukeppnum. Niðurstöður benda til þess að hægt sé að kaupa sér árangur á knattspyrnuvöllinum en félög eins og Manchester City og Chelsea hafa sannað það. Niðurstöðurnar benda einnig til þess fjármál knattspyrnunnar séu farin út í öfgar þar sem knattspyrnan virðist vera orðin leikvöllur forríkra manna sem hafa enga hugmynd um hvað skal gera við það gífurlega fjármagn sem þeir hafa yfir að ráða. Niðurstöður sýna þar að auki fram á það að Financial fair play reglurnar séu heilbrigð viðbót við regluverk UEFA til að stemma stigum við þá gríðarlegu fjármálavæðingu sem á sér stað í heimi knattspyrnunnar.

Efnisyfirlit

Myndaskrá	6
Töfluskrá	6
1 Inngangur	8
2 Þróun peningalegra stærða á Englandi	10
2.1 Leikmannakaup og verðbólga	11
3 Fé Knattspyrnufélaga	13
3.1 Fjármögnun knattspyrnufélaga	13
3.2 Tekjuöflun knattspyrnufélaga	15
3.2.1 Sala á aðgöngumiðum	15
3.2.2 Auglýsingatekjur og sala á varningi	15
3.2.3 Sjónvarpstekjur	17
4 Spænsku risarnir tveir	20
4.1 Bilið breiðkar	22
5 Hin fimm stóru	27
5.1 Leikmannakaup	27
5.2 Árangur og eyðsla	30
6 Financial Fair Play	35
6.1 Reglurnar	35
6.2 Ástæður fyrir reglunum	35
7 Niðurstöður	37
Heimildaskrá	40

Myndaskrá

Mynd 1: Myndrænt yfirlit á kaupum fimm félaga í ensku deildinni á tímabilinu 1992-1996. Appelsínuguli hringurinn sýnir hvað leikmennirnir hefðu kostað í dag og blái tígullinn hvað þeir kostuðu á sínum tíma í milljónum punda.....	11
Mynd 2: Tekjuskipting 5 stærstu félaga á Englandi tímabilið 2009-2010 í milljónum punda talið.	16
Mynd 3: Sjónvarpstekjur knattspyrnufélaga yfir leiktímabilið 2009-2010 í breskum pundum talið.	18
Mynd 4: Lokastaða seinustu þriggja leiktímabila Spænsku Úrvalsdeildarinnar í stigum.....	22
Mynd 5: Tekjuþróun stærstu félaga í Evrópu frá árinu 2003 í milljónum punda talið.....	23
Mynd 6: Breyting á gangvirði á leikmannamarkaði Ensku úrvalsdeildarinnar og vísitölu neysluverðs í Bretlandi.	28
Mynd 7: Breyting á gangvirði á leikmannamarkaði Ensku úrvalsdeildarinnar miðað við 5 ára meðaltal og vísitölu neysluverðs í Bretlandi.	29
Mynd 8: Árangur félaganna 5 eftir sæti frá stofnun Ensku úrvalsdeildarinnar.....	31

Töfluskrá

Tafla 1: Leikmannakaup 5 liða Ensku Úrvalsdeildarinnar frá 1992-2011 í milljónum punda talið.	27
Tafla 2: Leikmannakaup 5 liða Ensku Úrvalsdeildarinnar frá 1992-2011, núvirt miðað við verð á leikmannamarkaði.	30

Tafla 3: Eyðsla liðanna við lok hvers tímabils frá stofnun Ensku Úrvalsdeildarinnar,
núvirt miðað við verð á leikmannamarkaði.....31

1 Inngangur

Um marga ára bil hefur það viðgengist að fjöldi fólks á öllum aldri safnast saman að sjónvarpsskjám sínum um helgar til þess að berja augum kappleiki milli sterkustu knattspyrnufélaga heims. Enska knattspyrnan er orðin að ákveðinni hefð hjá Íslendingum en það er varla hægt að finna þann Íslending sem ekki á sér eftirlætisfélag í ensku deildinni. Enska úrvalsdeildin var stofnuð 15.ágúst 1992 en þar áður hafði knattspyrna á Englandi verið leikin með deildarformi frá árinu 1888 eftir að Skoti að nafni William McGregor kom fram með hugmyndina að því fyrirkomulagi. Upphaflega voru 12 félög í deildinni en eftir því sem árin liðu fjölgaði félögum og deildum. Enska knattspyrnan hélt áfram að þróast og vinsældir hennar að aukast og árið 1955 var evrópukeppni félagsliða hleypt af stokkunum sem þýddi að nú gátu ensk félög borið sig saman við félög úr öðrum sterkum deildum. Spænsku risarnir í Real Madrid unnu keppnina fyrstu fimm árin og það var ekki fyrr en árið 1968 sem að Manchester United varð fyrsta enska félagið til að hampa titlinum. Eftir þetta sóttu ensku félögin heldur betur í sig veðrið í keppninni og árið 1985 höfðu ensk félög unnið keppnina sjö sinnum á seinustu níu árum. Á áttunda áratugnum fór að bera mikið á svokölluðum fótboltabullum, ofbeldishneigðum áhangendum sem höfðu það að markmiði að slást við áhangendur hinna félaganna. Margir leikvangar ensku félaganna voru í niðurníslu og félög áttu í fjárhagserfiðleikum. Þessir þættir urðu til þess að áhyggjur af framtíð ensku knattspyrnunnar jukust stöðugt.

Reiðarslagið kom svo árið 1985 þegar 39 áhorfendur létust eftir ólæti á úrslitaleik keppinnar milli Liverpool og Juventus. Í kjölfarið voru ensk félög bönnuð frá evrópukeppnum og stóð það bann í 5 ár („1985: English teams banned after Heysel“, 2011).

Árið 1989 átti annað stórslys sér stað þegar 96 létust og um 800 manns særðust þegar girðingar Hillsboroughvallar í leik Liverpool og Nottingham Forest gáfu sig. Breytinga var þörf.

Lausnin kom 20. febrúar 1992 þegar félögin í efstu deild sögðu sig úr deildinni og stofnuðu nýja deild sem hafði auglýsingalegt frjálsræði gagnvart enska knattspyrnusambandinu og gerði þeim kleift að semja sjálfum um útsendingar og auglýsingar, Enska úrvalsdeildin var stofnuð.

Útsendingarrétturinn var seldur til Sky sjónvarpsstöðvarinnar og var samningurinn metinn til 191 milljón punda yfir 5 ára tímabil. Fyrir annað tímabil Ensku úrvalsdeildarinnar gerði deildin samning við fyrirtækið Carling sem hljóðaði upp á 12 milljónir punda fyrir 4 ár og bar deildin nafn fyrirtækisins. Í dag hafa þessar samningsupphæðir margfaldast en Sky og Setanta sjónvarpsstöðvarnar borguðu 1,7 milljarð punda fyrir sýningarréttinn frá 2007-2010 og Barclays bankinn borgaði tæplega 66 milljónir punda fyrir nafnrétt og auglýsingar leiktímabilin 2007-2010. Þessar auknu tekjur félaganna gerðu gerðu enskum félögum kleift að fá til sín suma af bestu leikmönnum heims en það sést best á því að við stofnum deildarinnar voru aðeins 11 útlendir leikmenn í deildinni en nú eru þeir yfir 300 talsins („A History of the Premier League“, 2011). Eins og sést á þessu stutta yfirliti á sögu Ensku úrvalsdeildarinnar eru fjármál gríðarlega stór hluti af henni og síðustu ár hefur fjármagn í deildinni rokið upp úr öllu valdi. Skoðað verður hvernig knattspyrnufélögin vinna sér inn tekjur og fjármagna sig en aukist hefur mikið að auðjöfrar hvaðanæva að hafi keypt heilu knattspyrnufélögin og dælt svo í þau peningum til leikmannakaupa til að gera þau samkeppnishæf við bestu félög heims, félög sem hafa byggt sína velgengni á góðu unglingsstarfi og árangri á knattspyrnuvellinum. Mikið hefur verið rætt meðal knattspyrnuáhugamanna um leikmannakaup félaganna samanborið við árangur undanfarin tímabil og verður það skoðað gaumgæfilega hér á eftir með tilliti til verðbólgu og gangvirði á leikmannamarkaði ásamt því hvort að tekjuöflun félaganna standi undir þessari gríðarlegu leikmannakaupum og launagreiðslum.


Fjallað verður um einstök leikmannakaup fimm sterkustu féлага deildarinnar til að hægt sé að skilja ástæður mikils hagnaðar eða taps félaganna. Loks verður farið í nýjar reglur sem UEFA (Union of European Football Associations) samtökin hafa sett á, Financial fair play, sem skylda félögin til þess að skila ekki tapi á reksti ella verði þeim meinuð þátttaka í evrópukeppnum og skoðað verður hvernig félögin munu hugsanlega takast á við þessa lagasetningu.

2 Þróun peningalegra stærða á Englandi

Árið 1885 hófst atvinnumenska í knattspyrnu England og næstu ár leitaðist enska knattspyrnusambandið við að setja félögum hömlur í launagreiðslum annars vegar og leikmannakaupum hins vegar, með misjöfnum árangri. Árið 1928 urðu fyrstu stóru leikmannakaupin að veruleika þegar Arsenal keypti David Jack frá Bolton á 10.000 pund og seinna á árinu keypti Notts County, félg í þriðju efstu deild, Tommy Lawton á 20.000 pund en munurinn á tekjum félaga af miðasölu í efstu og þriðju deild var ekki teljandi miðað við í dag. Á þessum tíma hafði enska knattspyrnusambandið sett launapak upp á 12 pund á viku, fyrirkomulag sem ekki varð breyting á fyrr en árið en árið 1961. Þá var launapakið afnumið með öllu og varð Johnny Haynes leikmaður Fulham strax settur á 100 punda samning á viku og varð þá sá launahæsti í boltanum. Peningaveltan innan knattspyrnunnar jókst stöðugt. Liverpool varð fyrsta liðið til að fá auglýsingu framan á búninga sína og Gordon McQueen var seldur á hálfa milljón punda frá Leeds til Manchester United sem þá var breskt met. Árið 1992 var svo Alan Shearer keyptur á 3,5 milljónir til Blackburn frá Southampton sem einning var metverð og tveimur árum síðar, árið 1994 voru launahæstu leikmennirnir með um 10.000 pund á viku og Alan Shearer var seldur á 15 milljónir punda til Newcastle. Peningaöflin voru farin að ráða ferðinni. Í kjölfar þessara risakaupa hjá Newcastle hækkaði leikmannaverð hægt og rólega og árið 2009 var Cristiano Ronaldo keyptur til Real Madrid frá Manchester United á 80 milljónir punda og greiðir félagið honum um 190.000 pund á viku, svipað og þeim launahæstu í Ensku úrvalsdeildinni (Khokhar, 2011). Benda má á möguleg áhrif verðbólgu í þessu samhengi en hægt var að fá 1,5 sinnum meira en fékkst fyrir pundið árið 1992 en árið 2011. Það vekur upp mikilvæga spurningu. Er verðbólgan skýringin á þessari gífurlegu þenslu í fjármálum í ensku knattspyrnunni?

2.1 Leikmannakaup og verðbólga

Skoðum nú verðbólgu á Bretlandi frá árinu 1992 til ársins 2011.



Mynd 1: Myndrænt yfirlit á kaupum fimm félaga í ensku deildinni á tímabilinu 1992-1996. Appelsínuguli hringurinn sýnir hvað leikmennirnir hefðu kostað í dag og blái tígullinn hvað þeir kostuðu á sínum tíma í milljónum punda.

Á mynd 1 hér að ofan má sjá leikmannakaup fimm stærstu félaga á Englandi í dag; Manchester United, Manchester City, Liverpool, Arsenal og Chelsea.

Árið 1992 var Eric Cantona keyptur á 1.2 milljónir punda til Manchester United og ef kaupverðið er núvirt miðað við verðbólgu samsvarar það 2 milljónum punda. Manchester City keypti David Rocastle árið 1993 á 2 milljónir punda. Árið 1994 varð Stan Collymore dýrasti leikmaður Bretlandseyja þegar hann var keyptur til Liverpool á 8.5 milljónir punda sem væru 13 milljónir í dag á núvirði. Árið 1995 var Marc Overmars keyptur til Arsenal á 7 milljónir punda og árið 1996 var Gianfranco Zola keyptur til Chelsea á 4.5 milljónir punda. Öll þessi kaup voru þau hæstu hjá hverju félagi á tilgreindu ári. Dýrasti leikmaður Bretlandseyja í dag er Fernando Torres sem seldur var til Chelsea frá Liverpool á 50 milljónir punda árið 2011, Manchester United keypti Dimitar Berbatov á 30.75 milljón punda árið 2008,

Liverpool keypti Andy Carroll á 35 milljónir punda árið 2011, Manchester City keypti Robinho á 32.5 milljónir punda og loks keypti Arsenal Samir Nasri á 15,8 milljónir punda árið 2007.

Af þessu má auðveldlega álykta að gangverð leikmanna á markaðinum hefur hækkað gríðarlega á þessum árum en Arsenal er í rauninni eina félagið sem virðist ekki hafa fylgt hinum fjóru félögunum í kaupæði.

3 Fé Knattspyrnufélaga

Enska Úrvalsdeildin var tekjuhæsta deildin í heiminum á leiktímabilinu 2009-2010(Wilson,2011). Félög deildarinnar öfluðu þá 2170 milljónum punda. Þessi gríðarlega upphæð ásamt fjármagni sem eigendur láta félögum í té úr eigin vasa eða fá að láni í formi bankalána eru undirstaða þess að Enska úrvalsdeildin getur talist sterkasta knattspyrnudeild í heimi.

3.1 Fjármögnun knattspyrnufélaga

Öll 20 félögin í ensku deildinni eru í einkaeigu. Þó eru stórlið eins og Barcelona og Real Madrid í eigu svokallaðra „socis“ en það eru stuðningsmenn félaganna sem hafa gerst meðlimir í félaginu gegn greiðslu, þó ekki sem hluthafar. Socis fara með æðsta vald félagsins og kjósa forseta félagsins.

Í Ensku úrvalsdeildinni eru flest félög í meirihlutaeigu eins manns þ.e.a.s. fjárfestingarfélags hans. Þó er mikill munur á því hvað eigendurnir leggja í félögin. Ef litið er á tvö sigursælustu félögin á Englandi síðustu ár, Chelsea og Manchester United, er mikill munur á fjármögnun þeirra.

Árið 2003 keypti rússneski auðjöfurinn Roman Abramovich Chelsea á 140 milljónir punda en sú sala var þá sú stærsta á ensku knattspyrnufélagi. Þá var Chelsea nokkuð sterkt lið en gerði þó aldrei atögu að Englandsmeistaratitlinum af einhverri alvöru. Það átti eftir að breytast með tilkomu Abramovich. Eftir tilkomu hans hefur félagið unnið þrjú Englandsmeistaratitla, þrjú bikarmeistaratitla og tvo deildarbikara ásamt því að komast í úrslitaleik meistaradeildarinnar. Á þessu tímabili hefur Abramovich lánað eignarhaldsfélagi Chelsea, Fordstam, 739 milljónir punda, vaxtalaust að sjálfsögðu. Fyrstu þrjú árin sem eigandi félagsins varði hann tæpum 300 milljónum punda í leikmannakaup og keypti í rauninni nýtt lið. Næstu árin róaðist Abramovich nokkuð og virtist hann vinna að því að gera félagið sjálfbært og til að aðlaga starfsemi félagsins Financial Fair Play reglum . Um áramótin 2010-2011 fóru 71 milljón punda í kaup á nýjum leikmönnum og virtist metnaður Abramovich hafa farið úr böndunum.

Árið 2005 keypti Glazer fjölskyldan, hópur fjárfesta, Manchester United á 790 milljónir punda. Glazer fjölskyldan borgaði 250 milljónir punda út en yfir félagið helltust 540 milljónir punda í lánum frá bönkum og vogunarsjóðum, hins vegar borgaði fjölskyldan meira fyrir félagið en markaðsvirði þess er svo að afskrifa þarf mismuninn á markaðsvirði og kaupverði á 15 árum sem viðskiptavild. Áður en Glazer fjölskyldan keypti félagið var það vel rekið og án skulda. Leiktímabilið 2009-2010 voru tekjur Manchester United 286 milljónir punda en félagið skilaði tæplega 84 milljón punda tapi eftir skatt. Ástæða þess eru himinháar vaxtagreiðslur af lánum Glazer fjölskyldunnar en fjölskyldan endurfjármagnaði skuldir sínar í janúar 2010 með skuldabréfi upp á 504 milljónir punda sem gerði þeim kleift að greiða alþjóðlegum bönkum skuldir sínar („Glazer Man Utd stake exceeds 75%“, 2005).

Lokagjalddagi skuldabréfsins er í febrúar 2017 og þarf félagið að greiða um 45 milljónir punda á hverju ári í vaxtagreiðslur (Wilson, 2010).

Athyglisvert er að líta á muninn á kaupverði Chelsea og Manchester United en á þessu tveggja ára bili sem félögin skipta um eigendur er 650 milljón punda munur á kaupverði félaganna. Þó að Manchester United hafi verið nokkuð stærra félag á þessum tíma þá útskýrir það ekki þennan gríðarlega mun, heldur er þetta til marks um þá miklu aukningu fjármagns sem hefur átt sér stað í Ensku Úrvalsdeildinni með árunum.

Mikill munur er á fjármögnun Manchester United og Chelsea en Roman Abramovich dælir peningum í Chelsea án vaxta á meðan allar tekjur Manchester United sogast inn í vaxtasvarthol Glazer fjölskyldunnar sem gefur Chelsea töluvert samkeppnisforskot þar sem félagið þarf ekki að hafa áhyggjur af stöðugum vaxtagreiðslum og getur í stað þess styrkt sig með leikmannakaupum. Á meðan Manchester United greiðir 45 milljónir punda í vexti á ári getur Chelsea keypt einn heimsklassaleikmann á ári . Þó er ekki nóg fyrir félag eins og Chelsea að hafa auðjöfur eins og Abramovich sem bakhjarl ef félagið skilar ekki hagnaði en lög voru nýlega sett um rekstur knattspyrnufélaga, Financial Fair Play reglurnar, sem farið verður í síðar í ritgerðinni.

3.2 Tekjuöflun knattspyrnufélaga

Þrjár helstu leiðir knattspyrnufélaga til að fjármagna sig eru:

- Sala á aðgöngumiðum
- Auglýsingatekjur og sala á varningi
- Sjónvarpstekjur

3.2.1 Sala á aðgöngumiðum

Ársmiðar eru miðar sem veita aðgang að öllum heimaleikjum viðkomandi félags og hefur verð á þessara miða hækkað hægt og bítandi með árunum á Englandi og er orðin helsta tekjulind knattspyrnufélaganna. Með hækkandi verði hefur fólk neyðst til að hætta að kaupa ársmiða og látið sér nægja að fylgjast með leikjunum í sjónvarpinu.

Nokkuð tíðkast að eigendur ársmiða hafi fest kaup á fleiri en einum ársmiða og selt sem staka miða á leiki á svörtum markaði en sala stakra miða úr ársmiðabók er varðar við lög. Höfundur hefur farið á knattspyrnuleik með þessum hætti og ,hitti eiganda ársmiðans, fékk miðann afhentan, þar sem stakir miðar úr ársmiðabók eru ekki teknir gildir, og mælti sér síðan mót við höfund eftir leik til þess að ársmiðanum yrði skilað. Verð á stökum miða á leik hjá t.d. Manchester United er frá 88 pundum ef að leikið er við lið í lakari kantinum en á stórleik eru miðarnir á frá 160 pundum.


3.2.2 Auglýsingatekjur og sala á varningi

Auglýsingarsamningar eru enn önnur tekjuöflunarleið knattspyrnufélaga. Fyrirtæki er hyggjast auglýsa sig á knattspyrnuleikjum hafa um nokkra kosti að velja. Íþróttavörumerkjasmningar eru oftast stærstu samningarnir sem félögin gera, sem dæmi má taka Manchester United sem árið 2002 gerði samning við Nike til ársins 2015 upp á 303 milljónir punda („Man.Utd in £300m Nike deal“,2000) . Auglýsingar framan á treyjum félaganna færa félögunum einnig miklar tekjur. Í dag eru hæstu staðfestu tölurnar á Englandi 20 milljónir punda hjá Liverpool með samning sinn við Standard Chartered, alþjóðlegan banka, og Manchester United, með samning sinn við tryggingafyrirtækið Aon. Nokkuð hefur það færost í vöxt að selja nafn heimavallar félaganna til fyrirtækja.

Árið 2006 seldu Arsenal Emirates flugfélaginu réttinn á að nefna heimavöll Arsenal til ársins 2022 ásamt auglýsingu framan á búning liðsins til ársins 2014 fyrir um 100 milljónir punda (Arsenal name new ground“,2004). Manchester City gerðu nýlega samning við flugfélagið Etihad frá Abu Dhabi en sá samningur er talinn vera 400 milljón punda virði yfir 10 ára tímabil sem er töluvert hærra en samningur Arsenal(Herbert,2011). Hefur þessi risasamningur Manchester City mætt töluverðri reiði í fótboltaheiminum þar sem flestir eru gegn því að hægt sé að kaupa árangur.

Öll félög eru með samninga við fyrirtæki sem þau eru t.d. auglýst á skiltum á leikvanginum. Treyju og smávarningsala er stór þáttur í tekjuöflun félaganna.

Nýjar treyjur eru hannaðar á hverju ári og eru hörðustu stuðningsmenn dyggir kaupendur. Þegar nýir leikmenn eru keyptir til félaganna eru treyjur merktar þeim mikil tekjulind. Knattspyrnufélög eru farin að merkja alla mögulega hluti með nafni og merki félagsins eins og trefla, sokka, klukkur, sængurföt og fána svo fátt eitt sé nefnt.



Mynd 2: Tekjuskipting 5 stærstu félaga á Englandi tímabilið 2009-2010 í milljónum punda talið.


Mynd 3 sýnir að Manchester United hefur nokkuð forskot í tekjuöflun og er með jafna skiptingu innkomu.

Arsenal hefur einnig nokkuð jafna skiptingu þó auglýsingartekjur þeirra gætu verið hærra en eftirtektarvert hversu miklum tekjum miðasala skilar. Hjá Chelsea, Liverpool og Manchester City eru sjónvarpstekjur langstærsti hluti af tekna en gera má ráð fyrir að auglýsingartekjur Manchester City rjúki upp eftir risasamninginn við Etihad(Deloitte).

3.2.3 Sjónvarpstekjur

Sala á sjónvarpsrétti er veigamikill þáttur tekjuöflunar knattspyrnufélaganna. Í Ensku úrvalsdeildinni semur deildin sjálf um sölu á sýningarréttinum. Tekjum af sölu er svo skipt í þrjá hluta. 50% er skipt jafnt á milli félaganna, 25% er árangurstengt, félagið í efsta sæti fær 20 sinnum meira en það í því neðsta og loks fara 25% til félaganna eftir því hvaða leikir eru sýndir sem aðalleikir hveirrar umferðar en meirihlutinn af þessu fer til stærstu félaganna („Premier League FAQ“, 2011).

Tekjum af sölu á sýningarrétti utan Bretlands, sem verða 1.4 milljarðar punda á árunum 2010-2013, er svo deilt jafnt milli félaganna 20 í deildinni(Harrison,2010). Sé þetta kerfi borið saman við kerfi Spænsku úrvalsdeildarinnar, líklega þeirrar næststerkustu í heimi, er allt annað uppi á teningnum. Þar semja félögin hvert fyrir sig um sölu á sjónvarpsréttinum sem þýðir að tvö langstærstu félögin þar, Barcelona og Real Madrid, fá langstærstan hluta af kökunni, tæplega 50%, á meðan hin 18 félögin þurfa að bítast um afganginn. Þau 18 félög sem keppast um afganginn hafa kvartað sáran yfir þessu fyrirkomulagi þar sem þetta gerir deildina ójafnari og dregur úr áhuga á deildinni („Spain needs fairer TV cash system“, 2011).



Mynd 3: Sjónvarpstekjur knattspyrnufélaga yfir leiktímabilið 2009-2010 í breskum pundum talið.

Eins og sjá má af þessari mynd, þá eru stórveldin tvö á Spáni með mun hærra sjónvarpstekjur en hin félögin á myndinni. Athygli vekur einnig sá gríðarlegi munur á sjónvarpstekjum Getafe, spænsku félagi sem komst í undanúrslit í Evrópudeildinni árið 2008 og lenti í 6.sæti spænsku úrvalsdeildarinnar leiktímabilið 2009-2010 og Wolves, slöku liði í Ensku úrvalsdeildinni sem rétt náði að forða sér frá falli með því að lenda í 15.sæti leiktímabilið 2009-2010. Getafe fékk rúmar 5 milljónir punda í sjónvarpstekjur það ár en Wolves 39 milljónir. Bersýnilegt er að misskiptingin á Spáni er mun meiri en á Englandi. Stafar sú misskipting eingungis af mismiklum sjónvarpstekjum eða á misskiptingin sér lengri aðdraganda?

Ljóst er að tilviljun réði ekki vali á Barcelona og Real Madrid þegar samið var um útsendingar á spænsku deildinni. Liðin tvö höfðu lengi verið þau stærstu á Spáni og alltaf fengið öflugustu leikmennina á markaðinum hverju sinni en yfirburðirnir gagnvart hinum félögum deildarinnar voru þó ekki eins miklir og þeir eru í dag. Kveikja að ójöfnuðinum hófst árið 1996 með nýju kerfi á dreifingu sjónvarpstekna. Fram að því höfðu samtök Spænsku úrvalsdeildarinnar samið fyrir öll félög úrvalsdeildarinnar en árið 1996 komu fram tvær stöðvar, Canal Satélite Digital og Vía Digital. Þessar stöðvar buðu upp á nýjung; áskrift að leikjum Spænsku úrvalsdeildarinnar.

Félög Spænsku úrvalsdeildarinnar létu samtök Spænsku úrvalsdeildarinnar ekki semja fyrir sig heldur sömdu þau hvert fyrir sig og fengu öll betri kjör en þau höfðu áður. Þegar samningar félaganna fóru að renna út við stöðvarnar og Canal og Vía runnu í eitt, Digital+, fór bilið á milli risanna tveggja og hinna félaganna að breikka. Digital+ hafði í höndunum áhorfstölur fyrir hvert félag í deildinni og gat þar með ákvarðað hversu stóra samninga gera ætti við hvert félag. Einu félögin sem bættu samninga sína voru Barcelona og Real Madrid á meðan samningar hinna félaganna versnuðu. Það er því hægt að segja að risarnir tveir hafi náð sér í þessa sérstöðu í deildinni áður en að misskipting sjónvarpsteknanna átti sér stað. Lítum á hvernig félögin sköpuðu sér þessa sérstöðu.

4 Spænsku risarnir tveir

Árið er 1936. Knattspyrnan á Spáni hafði blómstrað fram að því en þetta ár braust út borgarastyrjöld á Spáni. Hershöfðinginn Francisco Franco leiddi her falangista gegn ríkjandi stjórnvöldum, bandalagi lýðveldissinna og sósíalista, og var hann studdur af bæði herjum Hitlers og Mussolinis. Þjóðernisbrot á Spáni s.s. Baskar og Katalóníumenn voru ofsótt vegna stjórnmalaskoðanna sinna en Katalónía og Madrid voru þær tvær borgir sem héldu lengst út gegn her Francos. Heimavöllur Real Madrid, stórliðs á þessum tíma, var sprengdur í stríðinu og félagið hætti allri starfsemi á meðan stríðið stóð yfir og forseti Katalóníuliðsins Barcelona, Sunyol, var tekinn af lífi af her Francos. Barcelona liðið flúði til Mexíkó og lék þar nokkra leiki áður en þeir sneru aftur þó að nokkrir hafi orðið eftir af hræðslu við Franco, en við heimkomuna voru höfuðstöðvar félagsins sprengdar af fasistum. Athletic Bilbao, félag frá Baskalandi sem hafði átt góðu gengi að fagna á árum áður, hætti einnig allri starfsemi þar sem falangistar, fylgismenn Francos, höfðu náð yfirráðum þar líka. Stríðinu lauk 1939 og Atletico Madrid sameinaðist knattspyrnuliði hersins þar sem margir af leikmönnum Atletico höfðu látist eða voru í fangelsi. Þetta leiddi til þess að fyrstu tvö keppnistímabil eftir borgarastyrjöldina unnu Atletico Madrid spænsku deildina. Næsta áratuginn skiptust nokkur félög á að vinna deildina en Barcelona hampaði sigri þrisvar og virtist vera að ná sér á strik eftir hörmungar stríðsins en stjórn félagsins var undigefin Franco og hafði þ.a.l. rúm til að blómstra. Árið 1943 var Santiago Bernabeu kosinn forseti Real Madrid en hann hafði barist við hlið Franco gegn lýðræðinu í borgarastyrjöldinni og hann var þekktur fyrir andúð sína á Katalónum og átti tengslanet hans við falangistastjórnina eftir að reynast honum vel. Árið 1954 keypti Barcelona leikmann sem átti eftir að skrá nafn sitt í sögubækurnar, Alfredo Di Stefano. Upp kom vandamál við leikmannakaupin en Barcelona hafði keypt Di Stefano frá argentínska félaginu River Plate og hafði FIFA samþykkt félagskiptin.


Eftir að argentínska deildin fór í frí hafði Di Stefano spilað með kólumbíska liðinu Millionarios og hafði Bernabeu komist að samkomulagi við kólumbíska liðið um kaup á Di Stefano en kólumbíska deildin var ekki undir reglum FIFA og var Di Stefano þar með lagaleg eign River Plate. Di Stefano var kynntur sem leikmaður Barcelona og spilaði meira að segja 3 leiki á undirbúningstímabilinu 1953-54 en Bernabeu ætlaði ekki að láta Barcelona komast upp með að hreppa leikmanninn og kvartaði til spænska knattspyrnusambandsins, sem auðvitað var undir einræðisstjórn Francos. Spænska knattspyrnusambandið úrskurðaði að Di Stefano ætti að spila 2 ár með Barcelona og 2 ár með Real Madrid, dómur sem Börsungar urðu æfir yfir. Í kjölfarið á dómnum tilkynnti Barcelona að Real Madrid fengju leikmanninn að fullu en Di Stefano átti eftir að verða einn albesti leikmaður í sögu knattspyrnunnar. Það fer tvennum sögum af því hver ástæða þess var að Barcelona leyfði Di Stefano að fara. Talsmenn Real Madrid halda því fram að það hafi verið að einskærri góðmennsku en talsmenn Barcelona halda því fram að félagið hafi verið undir gríðarlegri pressu frá einræðisstjórn Francos. Á næstu áratug réði Real Madrid lögum og lofum en árið 1972 eftir að reglur um að aðeins leikmenn af spænskum uppruna mættu leika í deildinni höfðu öðlast gildi, mótmælti Barcelona þessu fyrirkomulagi harðlega og bentu á að margir af þeim leikmönnum sem komið höfðu til Spánar og áttu að vera af spænskum uppruna, voru það alls ekki og kom þá bersýnilega í ljós sú gríðarlega spilling sem átt hafði sér stað. Reglurnar voru afnumndar og í kjölfarið samdi Real Madrid við leikmann að nafni Johan Cruyff sem lék með Ajax frá Amsterdam og var án vafa sá besti í heiminum á þeim tíma. Cruyff neitaði að fara til Real Madrid þar sem Ajax hafði samið um skiptin án þess að Cruyff hefði eitthvað um það að segja. Í stað þess samdi hann við erkifjendurnar í Barcelona og þó að spænska knattspyrnusambandið hafi reynt að koma í veg fyrir það þá var vilji leikmannsins og Barcelona yfirsterkari á endanum.

Þessi stutta söguupprifjun sýnir hversu gríðarlegt hatur er á milli þessara tveggja liða en þegar liðin mætast er oft talað um að leikirnir séu endurtekning á borgarastyrjöldinni. Barcelona virðist vera lið lítilmagnans, lágstéttarinnar sem barðist gegn fasistunum en varð undan að láta og Real Madrid „konungliðið“. Þessi tvö félög eru langsigursælustu liðin í sögu spænska boltans, en fyrir neðan þau eru tvö félög á svipuðum slóðum, Atletico Madrid og Athletic Bilbao.

Athyglisvert er að þessi fjögur félög voru í brennidepli í borgarastyrjöldinni og er hugsanlega hægt að segja að Madrídarliðin hafi grætt mikið á því að vera á bandi Francos og að sama skapi að Barcelona og Bilbao hafi grætt á því að reyna að standa upp í hárinu á falangistunum. Þessi félög, að Atletico Madrid frátöldu eiga það einnig sameiginlegt að vera í eigu socis sem gerir það að verkum að aðdáendur geta haft meiri nánd við félagið auk þess að liðin eyða aðeins því sem þau afla, annað en önnur stórlíð í Evrópu eins og Manchester City og Chelsea með sína forríku eigendur kaupa leikmenn dýrum dómum eins og enginn sé morgundagurinn. Allt bendir til þess að þessi gríðarlega pólitík og saga risanna tveggja, Real Madrid og Barcelona, geri það að verkum að félögin eiga mikið af áhangendum víðs vegar um heim sem þýðir að auðvelt er fyrir félögin að fá pening í kassann en öll heimsbyggðin bíður iðulega í ofvæni eftir að sjá þessi tvö lið etja kappi á knattspyrnuvellingnum. Liðin tvö hafa átt auðvelt með að kaupa bestu leikmenn heims á hverjum tíma en Athletic Bilbao gerði það ekki þar sem félagið hafði þá stefnu að tefla aðeins fram Böskum. Sú stefna er vissulega aðdáunarverð en það er nokkuð víst að ef félagið hefði fylgt risunum tveimur eftir hefði liðið orðið sterkara og þar með laðað að sér fleiri áhangendur.

4.1 Bilið breiðkar


Undanfarin ár hafa yfirburðir Barcelona og Real Madrid farið stigvaxandi.



Mynd 4: Lokastaða seinustu þriggja leiktímabila Spænsku Úrvalsdeildarinnar í stigum.

Eins og sést á mynd 4 hefur bilið stækkað ennþá meira á seinustu tveimur árum og eru hin 18 félög deildarinnar farin að hafa gríðarlegar áhyggjur af þessari þróun. Tekjur risanna tveggja hækka með hverju ári. Tekjur Real Madrid hafa farið frá því að vera 257 milljónir punda árið 2006 í 386 milljónir punda árið 2010. Það sama er hægt að segja um Barcelona en tekjur þeirra hafa farið frá því að vera 227 milljónir punda árið 2006 í 350 milljónir punda árið 2010.

Til samanburðar er hægt að taka þriðja tekjuhæsta félag Spánar, Atletico Madrid en tekjur þess námu 109 milljónum punda, tæplega fjórum sinnum minna en nágretta þeirra í Real Madrid. Þessi tekjuþróun risanna tveggja er merkileg þar sem hún er langtum meiri en annara klúbba á svipaðari stærðargráðu í Evrópu.



Mynd 5: Tekjuþróun stærstu félaga í Evrópu frá árinu 2003 í milljónum punda talið.

Eins og sést á mynd 5 var Real Madrid aðeins með fjórðu hæstu tekjur allra félagsliða í Evrópu árið 2003 en tekjuaukning þess og Barcelona á næstu átta árum eru næstum óraunverulegar. Átta árum seinna eru spænsku risarnir tveir töluvert á undan næsta félagi í tekjuöflun. Hver er ástæðan fyrir þessari gríðarlegu aukningu? Hægt er að benda á það að Barcelona og Madrid séu stærstu borgir Spánar en þó er íbúafjöldinn ekki svo mikill að hann útskýri þessa yfirburði. Mikil áhorfendafækkun hefur orðið í ítölsku knattspyrnunni undanfarin ár en spillingarmál þar í landi og slæm þróun á knattspyrnu þar í landi er því um að kenna að áhugi fótboltaáhugamanna þar hafi aukist á spænska boltanum og eflaust hafa fótboltaáhugamenn snúið athygli sinni að spænsku deildinni í þar sem skemmtanagildið virðist vera mun meira en á Ítalíu.

Risarnir tveir hafa þar að auki verið einkar duglegir að markaðssetja félögin sem endurspeglast í gríðarlegri aukningu á treyjusölu og auglýsingasamningum félaganna. Uppeldisstefna Barcelona hefur án vafa gefið félaginu gríðarlega mikið, bæði vegna sölu leikmanna sem komið hafa upp í gegnum unglíngastarfið og frammistöðu þeirra á vellinum en Barcelona spilar nánast undantekningarlaust með uppalda leikmenn í meirihluta í byrjunarliði sínu. Viðskipti Real Madrid við spænska ríkið hafa reynst þeim vel en félagið seldi ríkinu æfingasvæðið sitt árið 2001 og fékk væna greiðslu fyrir það, of háa að margra mati.

Eins og áður var minnst á þá er sjónvarpstekjuskíptingin öðruvísi á Spáni en annars staðar í Evrópu þar sem félögin semja sjálf við sjónvarpsstöðvarnar um kjör. Sjónvarpstekjur risanna tveggja eru rúmlega þrisvar sinnum hærrí en þeirra aðalkeppinauta, Atletico Madrid og Valencia og tólf sinnum hærrí en neðstu liða deildarinnar á meðan bilið á milli efsta og neðsta liðsins á Englandi nær því ekki að vera 100% meira. Eftir því sem risarnir tveir kaupa fleiri stór nöfn eins og liðin hafa gert undanfarin ár eiga þeir meiri möguleika á stærri sjónvarpssamningum. Nýja sjónvarpssamninga fyrir spænsku deildina þarf að gera fyrir árið 2014 en LFP (Liga Nacional de Fútbol Profesional) hefur lagt fram tillögu að nýju fyrirkomulagi hvað þetta varðar. LFP lítur svo á að það geti hækkað núverandi samninga um 175 milljónir punda þar sem Barcelona og Real Madrid myndu halda sömu tekjum og áður, Atletico Madrid og Valencia myndu tekjurnar hækka um 6,5 milljónir punda á ári í tæplega 50 milljónir punda og hin félögin fengju 25 milljónir punda. Þrjú félög hafa hafnað þessari tillögu; Sevilla, Villareal og Athletic Bilbao, félög sem þurfa í rauninni ekki að óttast fall á næstunni. Andstæðingar þessara breytinga benda á það að þetta kerfi leyfi hinum frjálsa markaði að ráða ferðinni þar sem samningsupphæð hvers félags sýni raunvirði á útsendingarréttinum. Ef kerfinu yrði breytt væru í raun toppliðin að gefa fé til minni félaganna. Andstæðingar breytinganna benda einnig á að vandræði spænsku félaganna, að undanskildum risunum tveimur, komi því ekkert við hvernig sjónvarpstekjunum er dreift heldur hvernig félögunum er stjórnað, en mýmörg félög á Spáni hafa átt í virkilegum rekstrarerfiðleikum vegna misviturra stjórnarmanna, og vilja meina að einhverjar aukatekjur séu einungis skammtímalausn fyrir félögin.

Benda má á þá þróun sem átt hefur átt sér stað á Englandi þar sem félög Ensku úrvalsdeildarinnar skulda 3,4 milljarða punda gegn eignum upp á 3,8 milljarða punda en á Spáni skulda félögin 858 milljónir punda gegn 2,5 milljörðum punda í eignum sem er töluvert betra en á Englandi. Í þessu samhengi er rétt að taka raunveruleg dæmi. Annars vegar salan á Sergio Canales, einum efnilegasta leikmanni Spánverja, á tæpar 9 milljónir punda og hins vegar salan á Andy Carroll efnilegum enskum framherja á 35 milljónir punda og mismuninum á launum Kieron Dyer leikmanni West Ham United sem spilar í ensku 1.deildinni og Jesus Navas, spænskum landsliðsmanni, sem er töluvert hæfileikaríkari en sá fyrrnefndi en þrátt fyrir það eru laun Dyer helmingi hærrí eða 4,5 milljónir punda á ári. Benda andstæðingar á það að verðbólgan á launa- og leikmannamarkaðinum rjúki upp eins og gerðist á Englandi, fleiri aðkomumenn verði keyptir í deildina þar sem hagstæðara er að kaupa leikmenn í stað þess að fá þá upp í gegnum unglíngastarf. Það veikir að vissu leyti liðin og mest af öllu landslið Spánverja en það er einmitt það sem komið hefur fyrir á Englandi ásamt því að félögin gætu endað á því að vera verr stödd fjárhagslega en áður. Það er deginum ljósara að grípa verður til einhverra aðgerða til þess að deildin verði ekki óáhugaverð og einsleit, þar sem liðin tvö vinna sína leiki auðveldlega og áhorfendur slökkva á sjónvarpstækjum sínum eftir 20 mínútur af leiktíma. Rök andstæðinga fyrir breytingum á dreifingu sjónvarpsteknanna eru hæpin að mati höfundar þar sem þróun Spænsku úrvalsdeildarinnar er farin að minna á nokkurs konar einokun risanna tveggja. Real Madrid og Barcelona selja langmest af varningi af knattspyrnufélögum í heiminum, hafa heimavelli sem taka 80.000 og 100.000 manns og fá gríðarlegur tekjur frá æfingaferðum. Félögin tvö þurfa ekki á þessu aukaforskoti sem sjónvarpstekjurnar veita þeim að halda. Það er ljóst að deildin gæti ekki farið fram án hinna 18 félaganna og þess vegna er mikilvægt að þessum félögum sé ekki mismunað á þennan hátt. Það eina sem þessi mismunur leiðir til er minni samkeppni og að endingu myndu hin félögin 18 einfaldlega neita að spila við risana tvo. Sú hugmynd hefur einnig komið upp að sett verði á laggirnar svokölluð ofurdeild í Evrópu. Þar myndu bestu lið sterkustu deilda Evrópu spila gegn hvort öðru á deildarkeppnisfyrirkomulagi. Barcelona og Real Madrid myndu þá væntanlega segja sig úr Spænsku úrvalsdeildinni og ganga í ofurdeildina. Þó að mikið hafi verið rætt um þennan mögulega vegna yfirburða ákveðinna liða í sterkustu deildum Evrópu er höfundur viss um að aldrei muni verða af þessari hugmynd.

Flug á milli staða yrðu alltof tíð og leikmenn myndu ekki þola álagið af stöðugum ferðalögum. Nágrannaslagir milli liða myndu verða liðin tíð og spennan við að sjá tvö stórlið kljást yrði minni þar sem það yrði vikulegur viðburður.

Liðin sem næst hafa komist því að skáka risunum tveimur á seinustu árum, Sevilla og Valencia, hafa bæði þurft að selja sína bestu menn. Valencia lentu í fjárhagsvandræðum og Barcelona ásældist leikmenn Sevilla og þá var ekki að spyrja að leikslokum, þeir voru allir seldir til Barcelona. Það eru því óhaldbær rök hjá andstæðingum breytinga á kerfi sjónvarpstekna að segja að aukatekjur til hinna 18 liðanna slái aðeins vandamálum á frest. Sevilla hefði getað boðið leikmönnum sínum hærra laun eða keypt öflugari leikmenn í aðrar stöður til að verða samkeppnishæfari og Valencia hefði ekki þurft að selja David Villa og Juan Mata til Barcelona og Chelsea. Einokunaraðstæðurnar í Spænsku úrvalsdeildinni hafa skapast hægt og bítandi með árunum eins og rakið var áðan og ólíklegt er að Real Madrid og Barcelona verði velt af stalli sem risar Spánar en þegar hægt er jafna deildina með því að leiðrétta tekjudreifingarkerfi sem er á skjön við allar aðrar deildir í Evrópu þá er ekki spurning að ráðast á í þær aðgerðir.

5 Hin fimm stóru


Mikið hefur verið rætt og ritað um það meðal knattspyrnuspekinga á seinustu árum hversu mikið félög hafa keypt miðað við árangur þeirra. Mér fannst vert að skoða hvaða félög hafa eytt mestu frá stofnun Ensku úrvalsdeildarinnar, hvort að tekjur félaganna séu í samræmi við eyðslu og árangur þeirra miðað við leikmannakaup.

5.1 Leikmannakaup

Tafla 1: Leikmannakaup 5 félaga Ensku úrvalsdeildarinnar frá 1992-2011 í milljónum punda.

	Kaup	Sölur	Nettó	Árleg eyðsla
Manchester City	633.180.000	156.803.000	476.377.000	23.818.850
Chelsea	671.990.000	222.275.000	449.715.000	22.485.750
Liverpool	545.105.000	308.970.000	236.135.000	11.806.750
Manchester United	483.150.000	299.790.000	183.360.000	9.168.000
Arsenal	310.540.000	292.774.000	21.766.000	888.300


Á töflu 1 sést að Manchester City og Chelsea bera höfuð og herðar yfir önnur félög í eyðslu hvað varðar leikmannakaup. Einnig sést sú áhugaverða staðreynd að Arsenal kemur næstum því út á sléttu þrátt fyrir að hafa unnið deildina þrisvar, bikarkeppnina fimm sinnum og lent einu sinni í öðru sæti í meistaradeildinni. Þetta tengist allt án vafa því að knattspyrnustjóri Arsenal, Arsené Wenger, er með meistarapróf í hagfræði. Til að fá réttari mynd á eyðslu félaganna er nauðsynlegt að leiðrétta eyðslu félaganna miðað við gangverð á leikmannamarkaði á hverju tímabili.



Mynd 6: Breyting á gangvirði á leikmannamarkaði Ensku úrvalsdeildarinnar og vísitölu neysluverðs í Bretlandi.

Til að áætla gangvirðið á markaðinum voru tekin öll kaup og sölur 5 sterkustu félaga deildarinnar á hverju ári og þeirri upphæð deilt með fjölda leikmanna sem voru keyptir og seldir á hverju tíma. Vísitölurnar eru miðaðar við 100 stig árið 1992.

Eins og sést á myndinni þá eru tölurverðar sveiflur á gangvirðinu sem er eðlilegt miðað við að þetta er 5 félaga úrtak og að liðin styrkja sig mismikið frá ári til árs. Til að fá betri mynd á gangvirði á leikmannamarkaðinum án þessara gríðarlegu sveiflna tók ég 5 ára meðaltal á hverju ári þar sem ég tel að það gefi betri mynd af gangvirðinu.



Mynd 7: Breyting á gangvirði á leikmannamarkaði Ensku úrvalsdeildarinnar miðað við 5 ára meðaltal og vísitölu neysluverðs í Bretlandi.

Vísitala gangvirðis leikmanna hækkar jafnt og þétt fram til ársins 2006 og hækkar hún um rúmlega 100 stig og er komin í 370 árið 2007. Þá eyddu félögin fimm rúmlega 25 milljónum punda nettó í leikmannakaup. Hægt er að skýra þessa hækkun með þeirri miklu þenslu sem átti sér stað á heimsmarkaði á þessum tíma en eftir hrun heimsmarkaðarins linnir hækkuninni á vísitölunni ekki en á 19 árum hefur vísitalan farið úr 100 stigum í 580 stig sem er auðvitað ótrúlega mikil hækkun.

Erfitt er að útskýra áframhaldandi hækkun vísitölunnar eftir hrun öðruvísi en að innkoma auðjöfra sem eigenda ensku félaganna hafi keyrt upp verðið á leikmannamarkaðinum, þá sérstaklega Roman Abramovich eiganda Chelsea og Sheikh Mansour, eiganda Manchester City.

Ef viðskipti félaganna fimm eru núvirt miðað við gangvirði á leikmannamarkaði þá fáum við aðrar niðurstöður en í töflu 1.


Tafla 2: Leikmannakaup 5 félaga Ensku úrvalsdeildarinnar frá 1992-2011, núvirt miðað við verð á leikmannamarkaði.

	Kaup		Sölu		Nettó		Árleg eyðsla
Chelsea	£	1.516.240.880	£	483.639.616	£	1.032.601.263	£ 54.347.435
Manchester City	£	957.308.179	£	294.208.110	£	663.100.069	£ 34.900.004
Liverpool	£	1.122.319.466	£	570.904.956	£	551.414.510	£ 29.021.816
Manchester United	£	1.047.215.138	£	634.067.236	£	413.147.901	£ 21.744.626
Arsenal	£	799.905.479	£	598.808.595	£	201.096.884	£ 10.584.047

Af töflu 2 sést að Chelsea tekur fram úr Manchester City í eyðslu ef viðskipti félaganna á leikmannamarkaði eru núvirt enda eyddi Chelsea gífurlegum fjármunum í leikmenn en á leiktímabilunum 2003-2004 til 2005-2006 eyddi félagið rúmlega 290 milljónum punda sem í dag væri jafngildi 657 milljónum punda. Chelsea hefur samkvæmt þessu borið höfuð og herðar yfir önnur félög í eyðslu í leikmenn á líftíma Ensku úrvalsdeildarinnar en þess ber þó að geta að Manchester City virðast nálgast Chelsea óðfluga með sinni gríðarlegu eyðslu undanfarin tímabil. Liverpool kemur í humátt á eftir en ólíklegt þykir að þeir nái að halda í við City og Sheikh Mansour. Athyglisvert er að sjá hversu miklu Liverpool hefur eytt í leikmenn miðað við slakan árangur þeirra í Ensku úrvalsdeildinni sérstaklega ef litið er á félögin fyrir neðan Liverpool, Manchester United, sigursælasta lið Englands og Arsenal sem hefur átt góð ár í úrvalsdeildinni þó að aðeins hafi hallað undan fæti seinustu leiktímabil. En er þá hægt að kaupa árangur ?

5.2 Árangur og eyðsla

Ef að við skoðum árangur félaganna frá stofnun deildarinnar miðað við eyðslu í leikmenn kemur ýmislegt áhugavert í ljós.



Mynd 8: Árangur félanna 5 eftir sæti frá stofnun Ensku úrvalsdeildarinnar.

Tafla 3: Eyðsla félanna við lok hvers tímabils frá stofnun Ensku úrvalsdeildarinnar, núvirt miðað við verð á leikmannamarkaði.

	Chelsea	Manchester City	Liverpool	Manchester United	Arsenal
1993	£929.282	£15.972.035	£17.859.639	£1.248.723	£12.196.826
1994	£27.815.328	£35.660.677	£6.822.042	£17.675.292	£10.853.249
1995	£3.127.866	-£10.682.864	£70.256.673	-£19.152.162	£73.577.023
1996	£30.026.306	£17.891.193	£14.950.858	£14.452.496	-£8.721.334
1997	£28.717.394	£4.206.866	£20.591.501	£2.214.140	£44.858.474
1998	£43.878.900	£5.540.265	£14.183.079	-£11.191.336	£221.611
1999	-£6.587.444	-£1.964.399	£27.612.041	£102.361.779	£35.225.075
2000	£137.409.963	£24.781.878	£98.387.753	£59.365.543	-£22.858.508
2001	-£8.167.025	£30.783.402	£19.475.214	-£26.071.657	£10.365.840
2002	£23.359.718	£80.560.363	£34.454.190	£81.675.385	£30.596.212
2003	-£1.345.400	£26.504.381	£21.391.861	£72.786.142	£2.394.812
2004	£361.409.881	£16.202.758	£5.302.721	£31.462.810	£39.240.134
2005	£105.925.041	-£17.073.814	£56.837.827	£47.963.937	£3.594.487
2006	£189.964.620	-£23.458.858	£53.465.344	£2.085.232	£14.137.872
2007	-£8.209.029	-£5.184.650	£33.829.840	£8.857.110	-£36.724.603
2008	£11.763.582	£61.358.845	£62.503.834	£41.643.081	£21.017.600
2009	-£14.819.729	£161.782.045	£8.576.232	£46.311.654	-£68.610
2010	£20.102.011	£113.719.947	-£9.936.137	-£74.090.268	-£35.609.276
2011	£87.300.000	£126.500.000	-£5.150.000	£13.550.000	£6.800.000
Samtals	£1.032.601.263	£663.100.069	£551.414.510	£413.147.901	£201.096.884

Á mynd 6 má sjá hversu miklir yfirburðir Manchester United hafa verið á lífstíma Ensku úrvalsdeildarinnar. Fyrir tímabilið 1998-1999 keyptu þeir leikmenn fyrir rúmlega 100 milljónir punda og árangurinn lét ekki á sér standa. Manchester United varð fyrsta félagið í sögu ensku knattspyrnunnar til að vinna þrenna svokölluðu, deildina, meistaradeildina og bikarkeppnina og vann deildina næstu tvö tímabil.

Árin þar á undan og eftir er eyðslan ekki mikil miðað við Chelsea og Manchester City en samt sem áður er árangurinn stórkostlegur. Að vísu kom smá niðursveifla árin sem Chelsea eyddi stjarnfræðilegum upphæðum frá 2004 til 2006 en Sir Alex Ferguson stjóri United virðist einfaldlega klókasti knattspyrnustjóri deildarinnar og náði félagið sér aftur á skrið með því að hampa fjórum Englandsmeistaratitlum á næstu fimm árum. Galdurinn við þennan árangur miðað við tiltölulega hóflega eyðslu er vafalaust það virkilega góða unglingastarf félagsins sem skilað hefur virkilega góðum leikmönnum en þar ber helst að nefna árganginn fæddan 1973 til 1975 sem innihélt leikmenn eins og David Beckham, Paul Scholes og Ryan Giggs. Önnur ástæða er vafalaust sú að Sir Alex hikar ekki við að selja sína bestu leikmenn ef hann telur að þeir séu hugsanlega að verða of stórir fyrir félagið. Bestu dæmin um þetta eru sölurnar á Ruud Van Nistelrooy, David Beckham og nú síðast Cristiano Ronaldo sem eiga það allir sameiginlegt að hafa verið seldir til spænsku risanna í Real Madrid.

Chelsea var ekki merkilegur pappír á fyrstu árum Ensku úrvalsdeildarinnar en eftir tímabilið 1995-1996 fer liðið að kaupa dýra leikmenn og viti menn, liðið færir hægt og rólega upp töfluna á næstu árum og leiktímabilið 1998-1999 nær liðið 3.sæti. Eftir það fer að halla undan fæti og er það vafalaust knattspyrnustjórum Chelsea á þeim tíma, ítölunum Claudio Ranieri og Gianluca Vialli, og þeirra leikmennakaupum að kenna. Roman Abramovich keypti félagið árið 2003 og eyddi Ranieri rúmlega 360 núvirtum milljónum punda í leikmenn en liðið náði aðeins öðru sæti þrátt fyrir þess yfiringilegu eyðslu. Ranieri var rekinn og Portúgalinn Jose Mourinho ráðinn í hans stað og kaupin héldu áfram en þó með skynsamari hætti en áður enda skilaði Mourinho tveimur Englandsmeistaratitlum í hús. Félagið hægði nokkuð á eyðslunni næstu árin enda vann United næstu þrjú árin þar til Chelsea náði einum Englandsmeistaratitli í hús aftur tímabilið 2009-2010 en frá því að Mourinho var rekinn í byrjun tímabils 2007-2008 þá hafa fjórir knattspyrnustjórar stjórnað liði Chelsea sem segir mikið um óþolinmæði Abramovich. Einnig er til marks um mikla óþolinmæði og trú á að eyðsla í rándrýra leikmenn færi félaginu árangur er sú mikla eyðsla tímabilið 2010-2011 þar sem Abramovich vissi að félagið þyrfti að verða rekið með hagnaði til þess að fá að taka þátt í evrópukeppnum en eyddi þrátt fyrir það 87 milljónum punda.

Frá tímabilinu 1996-97 til 2002-03 var Manchester City aðeins einu sinni í Ensku úrvalsdeildinni og þá lenti liðið í 18.sæti og féll. Félagið hafði þó eytt töluverðum fjármunum það ár eða rúmlega 80 milljónum núvirtra punda. Eftir það átti liðið sveiflukenndu gengi að fagna og það var ekki fyrr en í ágúst 2008 að liðið var keypt af Abu Dhabi United Group sem að hjólin fóru að snúast. Liðið endaði reyndar í 10. sæti leiktímabilið 2008-2009 en árið þar á eftir byrjaði félagið virkilega að spreða og árangurinn lét ekki á sér standa, liðið klifraði upp töfluna með hverju tímabili og leiktímabilið 2010 til 2011, þegar liðið lenti í 3.sæti og unnið Ensku bikarkeppnina, hafði félagið eytt rúmlega 400 milljón núvirtum pundum í leikmenn á þremur leiktímabilum.

Arsenal er lið sem átti ágætis gengi að fagna fyrir stofnun úrvalsdeildarinnar en liðið varð ekki að því stórliði sem það er í dag nema fyrir tilstuðlan knattspyrnustjórans Arsené Wenger sem ráðinn var til félagsins árið 1996. Liðið breyttist til muna þar sem Wenger fékk inn mun meira af útlendum leikmönnum en unglिंगastarf Arsenal, rétt eins og hjá Manchester United hefur gefið af sér mikið af leikmönnum sem Wenger hefur annaðhvort notað eða selt fyrir gott verð. Munurinn á United og Arsenal er að sá að Wenger hefur keypt mikið af ungum leikmönnum, sérstaklega frá frönskumælandi Afríkuríkju, og gert þá að frambærilegum leikmönnum. Þessi aðferð kostar ekki næstum eins mikið og að kaupa þroskaða og tilbúna leikmenn sem sést best á því að Arsenal er eina félagið af þeim fimm stóru sem kemur út í hagnaði fyrir skatt(Arsenal Holdings plc). Liðið átti virkilega góðu gengi að fagna fram til tímabilsins 2005-2006 en eftir það hefur liðið ekki endað ofar en 3.sæti. Á meðan hin félögin eru tilbúin að eyða hærri upphæðum en áður fyrr í gæðaleikmenn þrjúskast Wenger við og stendur fast við uppeldisstefnu sína þá hefur liðið dregist aftur úr og eru áhangendur liðsins virkilega óánægðir með þessa þróun.

Liverpool er félag sem ekki hefur riðið feitum hesti seinustu ár ef undan er skilið leiktímabilið 2004-2005 þar sem félagið vann meistaradeildina með tiltölulega veikan leikmannahóp enda lenti liðið í 5.sæti deildarinnar það sama ár. Aðeins seinustu tvö leiktímabil hafa þeir selt fyrir meira en þeir hafa keypt og sú spurning hlýtur að vakna hvað vakað hafi fyrir knattspyrnustjórum liðsins í leikmannakaupum og stjórn.

Athyglisvert er að líta að þegar Liverpool eyðir tæpum 100 milljónum núvirtra punda leiktímabilið 1999 -2000 þá fer árangur liðsins batnandi næstu tvö leiktímabil og svipað gerist leiktímabilið 2007-2008 þegar félagið eyðir 62 milljónum núvirtra punda, mest allra af þeim fimm stóru, liðið lendir í 2.sæti leiktímabilið á eftir.

Af þessum fimm félögum er í rauninni bara eitt sem er í stakk búið til að takast á við nýjustu reglur UEFA um að félögin megi ekki skila inn tapi ef að þau ætla að taka þátt í evrópukeppnum, Arsenal.

6 Financial Fair Play

1.júní 2011 tóku gildi lög sem líkleg eru til þess að hafa gífurleg áhrif á knattspyrnuheiminn. Reglurnar kallast Financial fair play og snúa þær að rekstri knattspyrnufélaga. Markmið þeirra er að gera knattspyrnudeildir um allan heim samkeppnishæfari, ýta undir unglíngastarf félaga, koma á fjárhagslegu jafnvægi hjá félögum í Evrópu og útrýma því að félög sem hafa mikla fjárhagslega yfirburði vegna geti keypt sér árangur á knattspyrnuvelliinum.

6.1 Reglurnar

Næstu þrjú leiktímabil, 2011-1014 mega knattspyrnufélög ekki skila meira en 39,5 milljón punda tapi annars er viðkomandi félagi neitað um þátttöku í evrópukeppnum á vegum UEFA. Frá 2014 til 2017 lækkar svo leyft tap niður í 26,3 milljón pund. Þetta tap verður að vera niðurgreitt af eigendum félagsins en þá aðeins í staðinn fyrir hlutabréf í félaginu. Ef eigendur eiga þess ekki kost þá er hámarkstap yfir þrjú ár 4,4 milljónir pund. Það eru þó undantekningar á þessum reglum ef viðkomandi félag sýnir minnkandi tap með árunum og að tapið orsakist af launagreiðslum leikmanna sem samið var við fyrir 1.júní 2010, þegar reglurnar voru samþykktar. Eyðsla í unglíngastarf félaganna og breytingar á leikvöngum teljast ekki sem eyðsla í skilningi Financial fair play reglanna og er það ekki dregið frá tekjum félaganna. Það er einmitt gert til þess að félögin einblíni meira á langtímafjárfestingar og uppbyggingu. Afskrift á viðskiptavild er einnig frádráttarbær en viðskiptavildin verður til þegar félög eru keypt á hærra verði en raunvirði þeirra er.

6.2 Ástæður fyrir reglunum

Á undanförunum leiktímabilum hafa mörg félög víðs vegar um Evrópu ítrekað skilað tapi á rekstri og ástandið fer aðeins versnandi. Eftir að heimskreppan skall á hefur markaðsumhverfi félaga í Evrópu orðið mun erfiðara. Mörg félög hafa þurft að fresta launagreiðslum til leikmanna t.d. Portsmouth árið 2009.

Enn önnur hafa verið dæmd niður um deildir vegna þess að þau hafa ekki getað greitt laun yfir höfuð t.d. Fiorentina árið 2002. Í febrúar 2010 birti UEFA viðamikla skýrslu sem bar nafnið Umhverfi Evrópskra félagsliða. Í henni kom fram að 50% félaga í Evrópu skila tapi á rekstri á hverju ári og 20% af þeim skila gríðarlegu tapi, eyðandi 120% af tekjum sínum ár hvert.

Aðalástæðan fyrir tapi félaganna er verðbólga í launagreiðslum og leikmannakaupum sem stafar af því að félög reiða sig á fjármagn eigenda sinna eða skuldir. Þriðjungur liða í Evrópu er að eyða 70% eða meira af tekjum sínum í launagreiðslur en tekjur í Evrópsku knattspyrnunni jukust um 10% árið 2010 en laun leikmanna og þjálfara hækkuðu um 18%. Vandamálið er að aðeins örfá af stærstu félögum Evrópu eiga efni á að keppa á þessum brenglaða leikmannamarkaði. Þau bjóða í leikmenn sem þau eiga í flestum tilfellum ekki efni á og fá svo fjármagn frá eigendum sínum í formi lána eða styrkja. Ástandið getur ekki verið svona áfram, aðeins örfá félög geta sigrað að lokum (Infantino, Gianni. 2010).

Með öðrum orðum, ríkustu félögin keyra upp laun og verð leikmanna sem neyðir minni félögin til þess að eyða umfram það sem þau raunverulega hafa efni á. Þessi þróun er mjög viðsjárverð því hún ýtir undir einokun félaga sem hafa mest fjármagn. Financial fair play reglurnar eru settar til þess að stöðva þessa þróun.

7 Niðurstöður

Knattspyrna hefur alltaf verið þekkt sem íþrótt almúgans, leið fyrir fólk til að gleyma vandamálum heimsins yfir hinum fallega leik. Undanfarin ár hefur knattspyrnan hins vegar breyst til muna með tilkomu peninga. Aukningin á fjámunum í ensku knattspyrnunni jókst hægt og bitandi frá því að atvinnumennska var tekin upp en rétt eftir aldamótin 2000 tók hún stökkbreytingum. Upphæðir félaga í Ensku Úrvalsdeildinni í leikmannakaup hafa tæplega sexfaldast á þeim 19 árum sem hún hefur verið starfrækt, kreppan hafði þar engin áhrif og verðbólga í Bretlandi útskýrir ekki þessa hækkun. Deildin virist vera orðin leikvöllur forríkra manna sem hafa enga hugmynd um hvað skal gera við það gífurlega fjármagn sem þeir hafa yfir að búa. Félög sem lítinn árangur höfðu sýnt áður fyrir blómstra eftir að auðjöfrar kaupa félögin og dæla í þau fjármagni og eru Chelsea og Manchester City bestu dæmin um það. Markaðssetning félaganna gegnir líka mikilvægu hlutverki í fjárhagslegri stöðu félaganna. Sala á aðgöngumiðum, auglýsingatekjur og sala á varningi og sjónvarpstekjur eru helstu leiðir félaganna til að afla tekna en allir þessir þættir eru bundnir við það hveru stóra aðdáendahópa félögin eiga. Það virðist gríðarlega erfitt fyrir smærri félög að byggja upp stóra stuðningsmannahópa nema þá með innkomu auðjöfra. Þar með skapast ákveðin gjá á milli fjársterkra félaga sem oftast sýna góðan árangur á knattspyrnuvellinum og fátækra félaga sem geta einfaldlega ekki boðið leikmönnum sínum sömu kjör og þau ríku, tryggð leikmanna við félög sín er hugtak sem þekkist ekki lengur. Nokkuð ljóst er að stökkið frá því að vera lítið yfir í stórt knattspyrnufélag er virkilega stórt en hvergi jafnstórt og á Spáni þar sem risarnir tveir frá Barcelona og Madrid gjörsamlega einoka markaðinn og þar með lætur árangur þeirra á knattspyrnuvellinum ekki á sér standa. Stærðarmunur risanna tveggja og hinna 18 félaganna á Spáni stafar aðallega af sögu og hefð félaganna tveggja en ójöfn dreifing sjónvarpstekna á Spáni eykur bilið milli risanna tveggja og hinna. Þó er athyglisvert að sjá hversu mikið betur fjárhagslega spænsku félögin standa gagnvart þeim ensku en. Líklega stafar það af innkomu fjársterkra eigenda í enska boltann, helst Roman Abramovich,

sem keyrt hafa upp kaupverð og laun leikmanna upp úr öllu valdi. Þar sem risarnir tveir á Spáni eru báðir í eigu fólksins er hugsanlegt að þessi þróun hafi ekki átt sér stað á Spáni einmitt vegna þess. Auk þess eru tekjur risanna tveggja þær langhæstu í heimi sem stafar einmitt af kaupstefnu félaganna á stórstjörnum og sóknarsinnaðri knattspyrnu. Misskiptingin á Spáni er hins vegar mun meiri sem gerir það að verkum að minni spenna er fyrir deildarkeppninni þar í landi en á Englandi verði drögin að nýju dreifikerfi á sjónvarpstekjum á Spáni verða samþykkt myndi það vera skref í að brúa bilið milli risanna tveggja og hinna 18 félaganna.

Manchester City var félagið sem eytt hafði mestu í leikmannakaup frá stofnun Ensku úrvalsdeildarinnar en eftir að leikmannakaup félaganna voru núvirt var það Chelsea sem hafði keypt fyrir langhæstu upphæðirnar eða u.þ.b. 54 milljónir punda á ári frá 1992. Þessi leikmannakaup hafa borgað sig þar sem þessi félög eru orðin 2 af 5 bestu félögum Englands vegna leikmannakaupa sinna. Það hefur sýnt sig undanfarin ár að hægt er að kaupa árangur en það þarf þó öfluga knattspyrnustjóra til þess að setja saman góð knattspyrnufélög til að árangur náist. Í þeim efnum er hægt að benda á Liverpool en félagið hefur verslað fyrir 30 milljónir punda á ári á núvirði frá stofnun úrvalsdeildarinnar og besti árangur þeirra á 19 árum er 2.sæti. Knattspyrnustjórar hjá Liverpool hafa ekki haldist lengi við stjórnvölin og misgóðir leikmenn hafa verið keyptir sem kemur niður á árangri félagsins á knattspyrnuvellingum. Arsenal og Manchester United eru félögin sem hafa staðið sig best miðað við leikmannakaup og árangur. Arsenal hefur eytt sáralitlu hvert tímabil frá stofnun úrvalsdeildarinnar eða rúmlega 10 milljónum punda núvirt. Árangurinn er góður þó að hallað hafi undan fæti eftir að Chelsea fór að ganga vel en Arsenal hefur unnið deildina þrisvar og lent fimm sinnum í 2.sæti á sínum 19 árum í úrvalsdeildinni. Stefna knattspyrnustjórans Arséne Wenger hefur alltaf verið að reka félagið skynsamlega og án himinhárna leikmannakaupa en þar sem félög eins og Chelsea og Manchester City virðast geta keypt sér árangur lítur út fyrir að Arsenal heltist úr lestinni nema Wenger breyti um kaupstefnu. Manchester United er langtekjuhæsta félag Englands og hefur getað leyft sér leikmannakaup fyrir nokkuð háar upphæðir í gegnum tíðina. Þó hefur félagið aðeins verslað fyrir um 20 milljónir punda núvirt á ári frá stofnun úrvalsdeildarinnar en árangurinn hefur ekki látið á sér standa, 12 deildarmeistaratitlar á 19 árum.

Eftir að Financial Fair Play reglurnar voru settar, verður fróðlegt að sjá hvort félög Ensku úrvalsdeildarinnar ráði við þessar reglur þar sem aðeins 2 af 20 félögum deildarinnar skiluðu ekki tapi á rekstri eftir leiktímabilið 2009-2010.

Eins og áður kom fram verða félög sem skila meira en 39,5 milljón punda tapi á rekstri á árunum 2011-2014 útilokuð frá þátttöku í evrópukeppnum en það bann hæfist leiktímabilið 2014-2015.

Fjármál knattspyrnunnar eru farin út í öfgar og íþróttin er hætt að snúast um hinn fallega leik. Það er því nokkuð ljóst að Financial Fair Play reglurnar sem Michel Platini og félagar hjá UEFA settu eru stórt skref í að draga úr áhrifum markaðshyggjunnar innan knattspyrnunnar, jafna möguleika félaga til að ná árangri og síðast en ekki síst að færa íþróttina aftur til fólksins.

Heimildaskrá

- A History of the Premier League. (2011). Sótt 10. ágúst 2011 af <http://www.premierleague.com/page/History/0,,12306,00.html>
- Arsenal name new ground.(2004). BBC. Sótt 10.ágúst af <http://news.bbc.co.uk/sport2/hi/football/teams/a/arsenal/3715678.stm>
- Ball, Phil.(2001). *Morbo:The story of Spanish Football*. London: WSC.
- Conn, David.(2011, 19.maí). In sickness and in wealth: a guide to the latest. *The Guardian*. Sótt af <http://image.guardian.co.uk/sysfiles/Guardian/documents/2011/05/18/sportscribd.doc.pdf>
- Deloitte(2011). *The untouchables. Football Money League*. Sótt af http://www.deloitte.com/assets/Dcom-UnitedKingdom/Local%20Assets/Documents/Industries/Sports%20Business%20Group/UK_SBG_DFML2011.pdf
- English teams banned after Heysel. (2011). *BBC* .Sótt 9.ágúst af http://news.bbc.co.uk/onthisday/hi/dates/stories/may/31/newsid_2481000/2481723.stm
- Harris,Nick. (2010, 23.mars). Premier League nets £1.4bn TV rights bonanza. *Independent*. Sótt af <http://www.independent.co.uk/sport/football/premier-league/premier-league-nets-16314bn-tv-rights-bonanza-1925462.html>
- Herbert, Ian.(2011, 9.júlí). City seal sponsorship deal worth £400m with Etihad. *Independent*. Sótt af <http://www.independent.co.uk/sport/football/premier-league/city-seal-sponsorship-deal-worth-400m-with-etihad-2309387.html>
- Khokhar, Nabeer. (2011, 11. Júlí). EPL: Players and Manager with the Highest Wages in the English Premier League. *The Bleacher Report*. Sótt af <http://bleacherreport.com/articles/760229-epl-players-and-manager-with-the-highest-wages-in-the-english-premier-league/page/3>
- Manchester United Limited. (2009). *Ársreikningur Manchester United fyrir leiktímabilið 2008-2009* . Sótt af <https://docs.google.com/fileview?id=0B2k6HQD5WemzNWJINWM4ZGEtMmI1OS00NjlwLWFhMTUtOGQxY2IxOGI5ZmQ4&hl=en>

- Manchester United Limited. (2010). Ársreikningur *Manchester United fyrir leiktímabilið 2009-2010*. Sótt af <https://docs.google.com/fileview?id=0B2k6HQD5WemzYmUwMTliMzctNTEExNS00OGQ5LWlyYjUtODI5OTk3Y2JkN2RI&hl=en>
- Man.Utd in £300m Nike deal.(2000). *BBC* . Sótt 9.ágúst af <http://news.bbc.co.uk/2/hi/business/1005794.stm>
- Premier League FAQ.(2011.) Sótt af 10 ágúst af <http://www.bbc.co.uk/news/business-13679632>
- Shocking losses among football clubs prompts UEFA action to rein in excessive spending. (2010, 22. Janúar). *Telegraph*. Sótt af <http://www.telegraph.co.uk/sport/football/news/7047555/Shocking-losses-among-football-clubs-prompts-Uefa-action-to-rein-in-excessive-spending.html>
- Spain needs fairer TV cash system. Sótt 14.ágúst af <http://uk.eurosport.yahoo.com/27072011/58/la-liga-spain-needs-fairer-tv-cash-system.html>
- The History of English football. (2010). Sótt 10. ágúst 2011 af <http://www.the-football-club.com/the-history-of-english-football.html>
- Transfer League. (2011). Sótt 8.ágúst af <http://www.transferleague.co.uk/>
- UEFA(2009). *European Club Footballing Landscape*. Sótt af http://www.uefa.com/MultimediaFiles/Download/Publications/uefaorg/Publications/01/45/30/45/1453045_DOWNLOAD.pdf
- Wilson,Bill. (2010, 2.janúar). Manchester United raise £504m in bond issue. *BBC*. Sótt af <http://www.bbc.co.uk/news/business-13679632>
- Wilson,Bill. (2011, 9.júní). Premier league wages keep on rising, Deloitte says. *BBC*. Sótt af <http://www.bbc.co.uk/news/business-13679632>

